

Framboð til varastjórnar LH

Birna Tryggvadóttir heiti ég, félagsmaður hjá hestamannafélaginu Létti. Ég bý á Garðshorni á Þelamörk ásamt Agnari Þór Magnússyni og þremur börnum

Á Garðshorni ræktum við hross og sauðfé, þjálfum hross fyrir okkur og aðra og rekum reiðskóla allt árið um kring. Ég byrjaði á unga aldri að hafa áhuga á öllum dýrum og eignaðist minn fyrsta hest uppúr fermingu. Ég byrjaði strax uppúr því að temja minn fyrsta hest og hef allar götur síðan verið meir eða minna verið viðloðandi hesta.

Ég er menntaður reiðkennari frá Hólum, lauk BS-prófi í búvísindum frá Hvanneyri og var lokaverkefni mitt við skólann að rannsaka markaðsumhverfi íslenskra hrossaræktarbúa.

Reynsla mín af hestum er víðtæk, hef m.a. búið í Þýskalandi og Bandaríkjunum og starfað þar við kennslu og tamningar. Hef þónokkuð mikla reynslu af öllum liðum sem tengjast hestamennsku og hefur lífið meir og minna snúist um hross. Hef starfað í mismunandi nefndum og starfað fyrir mismunandi hestamannafélög við kennslu. Var framkvæmdastjóri og mótstjóri íslandsmóts í hestaíþróttum í Borgarnesi á sýnum tíma o.fl. Sú þekking sem skapast við að vinna að mörgum ólíkum liðum getur nýst á margan hátt.

Ég hef í raun áhuga á líklega öllum sviðum hestamenskunnar. Hef áhuga á markaðsmálum eins og mitt lokaverkefni við Hvanneyri fjallaði um. Hef áhuga á kennslu og nýliðun, hef bæði starfað við reiðkennslu víðsvegar um landið sem og erlendis og í seinni tíð eða síðan 2016 hef ég rekið reiðskóla að Garðshorni á Þelamörk á ársgrundvelli. Hef gaman af allri keppni og mikin áhuga og gaman af ræktun.

Ég tel að ég geti bæði lært af því að taka þátt í starfi eins og þessu sem og að geta orðið að liði með þá þekkingu og reynslu sem ég hef sankað að mér í gegnum árin.